



Útvarpserindi um fund ráðherranefndar Evrópuráðsins í Strassbourg, flutt 2. apríl 1950

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Evrópuráðið – Strassbourg – Útvarp – Útvarpserindi –
Ráðherranefnd - 2 apríl 1950

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útvarpsráð 7/1/50 - Birt í Mbl. 12/1/50.

Fréttastjóri útvarpsins hefur farið þess á leit við mig, að ég segði nokkur orð um för mína, ásamt Hans Andersen, þjóðréttarfræðingi, á fund ráðherra-nefndar Evrópuráðsins, er haldinn var í Strasbourg í síðustu viku.

Svo sem kunnugt er var Evrópuráðið stofnað á s.l. ári. Þetta er í fyrsta skipti, sem Íslendingar taka þátt í störfum þess. Stofnendur Evrópuráðsins voru Belgía, Danmörk, Frakkland, Írland, Luxembourg, Holland, Noregur, Svíþjóð og Stóra-Bretland. Utanríkisráðherrar þessara 10 ríkja undirrituðu stofnskrá þess í London hinn 5. maí 1949. Á fundi ráðherra-nefndarinnar í ágúst s.l. var ákveðið að bjóða Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi að verða þátttakendur til viðbótar hinum upphaflegu stofnendum ráðsins. Grikkland og Tyrkland tóku boðinu þá þegar. Af hálfu Íslands var því svarað, að ríkisstjórn Íslands mundi leggja málið fyrir Alþingi til ákvörðunar, þegar það kæmi saman síðar á árinu. Jafnframt var tekið fram, að ríkisstjórnin mundi mæla með því við Alþingi, að það samþykkti þátttöku Íslands í Evrópuráðinu, og hlaut það meiri hluta atkvæða.

Þótti því hlýða, að utanríkisráðherra landsins færi á fyrsta fund ráðherra-nefndarinnar, eftir að Ísland hafði þegið þátttöku í ráðinu. Það er raunar sagt berum orðum í 14. grein stofnskrár Evrópuráðsins, að fulltrúar í ráðherranefndinni skuli vera utanríkisráðherrarnir. Ef utanríkisráðherra getur ekki verið viðstaddur, eða ef það telst æskilegt af öðrum ástæðum, er heimilt að tilnefna í hans stað varamann og skal hann, ef mögulegt er,

vera ráðherra í sömu ríkisstjórn.

Það væri of langt mál, að gera hér grein fyrir uppruna og eðli Evrópuráðsins, en þessi stofnun er einn þátturinn í viðleitni lýðræðisríkja Evrópu til að viðhalda menningu sinni, efla farsæld sína og styrkja frelsi sitt. Þessar þjóðir hafa lært það af atburðum síðustu áratuga, að einangrun og innilokun er ekki aðeins til ills fyrir þær sjálfar, heldur stafar og heildinni hættu af. Samtök Sameinuðu þjóðanna hafa því miður ekki enn reynzt verða að því gagni, sem menn vonuðust eftir. Þess vegna hafa ríkin myndað mismunandi hópa til ýmskonar samstarfs. Er Evrópuráðið einn af þeim ríkjahópum, samtök Kominform-ríkjanna annar en ameríska bandalagið sá þriðji, samvinna suðaustur-Asíu ríkjanna sá fjórði og svo framvegis.

Einsstætt Evrópuráðinu og að verulegu leyti skipuð sömu ríkjum er Efnahagssamvinnustofnun Evrópu-ríkjanna í París, sem tengd er Marshallsamstarfinu og önnur hlið þessa samstarfs er Atlantshafsbandalagið. Þátttakendur þar eru að vísu að nokkru aðrir. Aðaltilgangur þess er að verja þennan hluta Evrópu fyrir hernaðarárás. En Evrópuráðið sjálft er, eins og er berum orðum tekið fram í 1. grein, að landvarnarmál falli ekki undir verksvið þess. Það eru sameiginleg arfleifð þeirra og ber þar einkum til að nefna einstaklingsfrelsi, stjórnmalalegt frjálsræði, lög og réttur, en þessi megin hugtök eru undirstaða hins sanna lýðræðis. Samhliða þessu og því til tryggingar á að efla framfarir á sviði efnahags- og félagsmála. Einkum er tilætlunin,

að þau beri það ráð sín saman um þessi efni, að þar mótist það almenningsálit og skoðun, sem síðan ráði úrslitum í hverju einstöku ríki og á ráðgjafarþinginu. Í ráðgjafarþinginu eiga sæti þingmenn frá hverju þátttökuríkjana um sig, mismunandi margir eftir fólksfjölda. Flestir frá Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu eða 18 frá hverju landi, en fæstir frá Luxembourg og Íslandi þ.e.a.s. 3 frá hvoru. Þessir þingmenn eru ýmist kosnir af þingunum í heimalöndum sínuð eða útnefndir af utanríkisráðherra hvers ríkis í samráði við þingflokka. Hvor aðferðin sem höfð er, þá eru þeir óbundnir af fyrirmælum ríkisstjórn sinna, þegar þeir koma á fundi ráðgjafarþingsins. Er sá háttur algjör nýjung í milliríkjastofnunum.

Kemur ráðgjafarþingið saman einu sinni á ári, en ráðherranefndin að öllum jafnaði tvisvar.

Á þeim fundi ráðherranefndarinnar, sem ég sat, kom glögglega í ljós, að enn er verið að byggja upp stofnunina, ef svo má segja. Hún er að þreifa sig áfram með fyrirkomulagi, sem er of snemmt að segja, hvort heppilegum formum verður náð eða draumar rætast, sem vakað hafa fyrir mönnum, þegar til samtaka þessara var efnt. Eitt höfuð markmiðið þá var það, að innan þessara samtaka yrði skapaður vettvangur fyrir samvinnu milli Þjóðverja og Frakka. Ósamlyndið milli þessara tveggja þjóða hefur leitt til síendurtekinna styrjalda um margra alda bil, og var samþykkt að þjóða þýzkalandi þátttöku í þessum samtökum, að vísu með sérstökum hætti í byrjun, þar sem landið enn hefur ekki eiginlega utanríkisstjórn, heldur lýtur í því ráðum hernámsyfirvaldanna. Jafnframt var Saar boðin þátttaka með sama hætti. Var þó búizt við, að Þjóðverjum félli miður, að Saar væri þannig viðurkennt sem sérstakt ríki. Ef þjóð-

verjar taka þessu boði, svo sem vonir manna standa til, munu þeir senda þingfulltrúa á fund næsta ráðgjafarþingsins, sem haldið verður á sumri komanda í Strasbourg. Strasbourg var einmitt valin höfuðsetur þessara samtaka, með það fyrir augum, að þar mætast þýzk og frönsk menning. Hún er höfuðborg þeirra héraða, sem lengst hafa verið þrættuepli milli þessara tveggja miklu þjóða. Vonandi gerast þjóðverjar nú þegar aðilar þessara samtaka. Án þeirra missa þau verulega marks.

Annað höfuð úrlausnarefni, sem samtökin eiga við að etja, er að finna rétt form fyrir samstarfi ráðgjafarþingsins og ráðherranefndarinnar. að ráðgjafarþingið óskar eftir meiri áhrifum en ráðherrarnir enn vilja láta því í té. Er þó að sjálfsögðu í báðum stofnunum nokkur skoðanamunur um hversu langt skuli gengið.

Af málefnum, sem úrlausnar biða, er auðvitað nánari efnahagsleg samvinna þýðingarmest. Aðgerðirnar um hana hljóta auðvitað mjög að vera tengdar starfi Efnahagsstofnunarinnar í París, þ.e.a.s. Marshallsamstarfinu. Svo er einnig í undirbúningi merkileg samningsgerð um mannréttindi. Er það byggt á grundvelli þeim, sem lagður hefur verið með starfi Sameinuði þjóðanna.

Ég skal ekki rekja þessa sögu lengur að sinni. Auðvitað hlýtur sú spurning að vakna hvert erindi Ísland eigi inn í samtök sem þessi. Því til að svara er það, að engir eiga meira undir, að slík alþjóðleg samtök blessist, en smárikinn, sem ekki með nokkru móti geta verið sjálfum sér nóg. Svo stórveldin geta þó verið að minnsta kosti um sinn. Íslendingar eru auðvitað smæstir af öllum smárikjum, sem þátt taka í alþjóðlegu samstarfi. Einmitt af þeim

fá þeir á þessum vettvangi tækifæri, sem þeim
ella býðst ekki, til að kynnst málum og mönnum,
og smám saman að vekja athygli á sérþörfum
Íslendinga, eftir því sem við verður komið í
slíkum samtökum.

Að lokum skal ég geta þess, að ýmsir
af ráðherrum þeim, sem ég hittí á fundi þessum,
höfðu komið til Íslands á ferðum sínum yfir
Atlantshaf. Þar á meðal kvaðst van Seeland,
sá sem nú er að reyna að mynda stjórn í Belgíu,
oft hafa komið til Íslands og hafa veitt því
athygli, að hér væri minni munur á efnahag manna
en hvarvetna annarsstaðar, þar sem hann hefði
komið. Schumann, utanríkisráðherra Frakklands,
hafði og komið hér að næturlagi. Af Íslendingum
minntist hann sérstaklega á Magnús heitinn Sigurðs-
son, bankastjóra, sem hann sagðist hafa hitt á
alþjóðlegri fjármálaráðstefnu. Hefði Magnús
gefið sér bók um Ísland með áritun sinni.

Rétt er og að minnast á, að á fundi
þessum, sem öðrum svipuðum, höfðu utanríkisráð-
herrar Norðurlanda sérstaklega náið samstarf
sín á milli og tókum við Íslendingarnir þátt í
því. Einkanlega lagði þó utanríkisráðherra
Írlands, MacBright áherzlu á, að sérmálefni
Íslands virtist hann hafa mikinn hug á/^{að}til nánari
kynna milli þessara gömlu frændþjóða mætti efla.